

Annað

Einstaklingum í starfsendurhæfingu getur jafnframt verið beint í önnur úrræði sem í boði eru á Reykjalundi t.d.

- **Verkjaskóla**
- **Námskeið í streitustjórnun**
- **Hugræna atferlismeðferð**
- **Gigtarfræðslu**
- **Geðheilsuskóla**
- **Reyklaust líf**
- **Næringarfræðslu**
- **Aðra sérfræðiþjónustu**



Starfsendurhæfing
Reykjalundar
270 Mosfellsbær
Sími: 585 2000

Netfang: atvinna@reykjalundur.is
Heimasíða: www.reykjalundur.is



REYKJALUNDUR
endurhæfing

Starfsendurhæfing

Atvinnuendurhæfing frá 1945



Vinna Virkni Velliðan

Starfsendurhæfing Reykjalundar

Markhópur

Þeir sem hafa það markmið að stefna til vinnu eða í nám að endurhæfingu lokinni.

Um er að ræða einstaklinga sem vegna veikinda eða slysa:

- Hafa verið atvinnulausir í lengri eða skemmri tíma.
- Eiga erfitt með að sinna vinnu eða námi.
- Þurfa að finna sér nýjan starfsvettvang.

Tilvísun

Allir læknar geta sent beiðni í Starfsendurhæfingu Reykjalundar.

Starfsemin

Starfsendurhæfing Reykjalundar er dagdeild og er viðverutími áætlaður frá kl. 8-16 virka daga.

Möguleiki er á gistirými án þjónustu, fyrir þá sem þess þurfa.

Í starfsendurhæfingu er lögð áhersla á þverfaglega teymisvinnu og heilðræna nálgun. Í teyminu eru félagsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, heilsuþjálfari, iðjuþjálfari, læknir, sjúkrahjálfarar, sálfræðingur og verkstjóri. Einnig er samvinna við aðrar starfsstéttir á Reykjalundi.

Áður en endurhæfing hefst hittir skjólstæðingurinn alla meðferðaraðila teymisins og tekin er afstaða til þess hvort og hvernig starfsendurhæfing geti nýst viðkomandi. Þegar endurhæfing hefst eru markmið sett í samráði við skjólstæðinginn.

Metin er starfsgeta

- líkamleg, andleg og félagsleg færni
- ábyrgð, viðhorf og áhugi í starfi
- ástundun
- stundvísi

Áhersla er á að undirbúa fólk undir að komast út á vinnumarkaðinn á ný.

- Tækifæri gefst til að skoða eigið vinnulag, ásamt styrkleikum og veikleikum.
- Ráðgjöf, hvatning og aðstoð veitt við að leysa úr þeim málum sem hamla starfsgetu hvers og eins.
- Veittur er stuðningur við gerð atvinnu- og námsumsóknna.

Mikilvægt er að taka fulla ábyrgð á eigin meðferð og vera virkur í öllu ferlinu.